

Borgarstjórn Reykjavíkur
6. desember 2016

Breytingartillögur borgarfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina við frumvarp við fjárhagsáætlun 2017:

B-1:

Lagt er til að mannréttindaráð Reykjavíkurborgar verði lagt niður og verkefni þess alfarið færð yfir til velferðarráðs sem verði nefnt velferðar og mannréttindaráð Reykjavíkurborgar. Tillagan felur í aukna skilvirkni í stjórnkerfinu. Áætlað er að tillagan leiði til 16.260 þkr sparnaðar í aðalsjóði og A-hluta.

B-2:

Lagt er til að mannréttindaskrifstofa verði færð undir velferðarsvið og að þar verði fækkun stöðugilda um 2,5. Áætlað er að tillagan leiði til 23.750 þkr sparnaðar í aðalsjóði og A-hluta.

B-3:

Lagt er til að málefni ferlinefndar og umferðaröryggismál verði færð til umhverfis- og skipulagssviðs. Tillagan felur í aukna skilvirkni í stjórnkerfinu.

B-4:

Lagt er til að menninga- og ferðamálaráð verði lagt niður í núverandi mynd og verkefni menningaráðs verði færð undir íþrótt- og tómstundaráð og verkefni ferðamálaráðs verði færð til umhverfis- og skipulagsráðs. Tillagan felur í aukna skilvirkni í stjórnkerfinu. Áætlað er að tillagan leiði til 18.152 þkr sparnaðar í aðalsjóði og A-hluta.

B-5:

Lagt er til að menningarmál verði færð undir íþrótt- og tómstundasvið og af því leiði fækkun stöðugilda sem nemur helmingi stöðugilda á aðalskrifstofu menningar- og ferðamálasviðs. Tillagan felur í aukna skilvirkni í stjórnkerfinu. Áætlað er að tillagan leiði til 19.375 þkr sparnaðar í aðalsjóði og A-hluta.

B-6:

Lagt er til að ferðamálahluti menningar- og ferðamálasvið og þar með Höfuðborgarstofa verði færð sem sérstök deild á umhverfis- og skipulagssviði og af því leiði fækkun stöðugilda sem nemur helming stöðugilda ferðamála á aðalskrifstofu menningar- og ferðamálasviðs og höfuðborgarstofu. Tillagan felur í aukna skilvirkni í stjórnkerfinu. Áætlað er að tillagan leiði til 55.339. þkr. sparnaðar í aðalsjóði og A-hluta.

B-7:

Lagt er til að hverfisráð verði ekki starfrækt á árinu. Tillagan felur í aukna skilvirkni í stjórnkerfinu. Áætlað er að tillagan leiði til 56.141 þkr sparnaðar í aðalsjóði og A-hluta.

B-8

Lagt er til að helmingi af sparnaði sem næst skv. Tillögum FF1-FF7 verði ráðstafað til fjárukningar á skóla- og frístundasviði eða kr.94.509 þkr. sem verði sérmerkt til stuðnings á sérkennsluúrræðum í grunn- og leikskólum borgarinnar.

B-9

Lagt er til að helmingi af sparnaði sem næst skv. Tillögum FF1-FF7 verði ráðstafað til fjárukningar á velferðarsviði eða kr. 94.509 þkr. sem verði sérmerkt til uppbyggingar dagvistunarúrræða fyrir alzhimersjúklinga yngri en 67 ára.